

- 90
17. maí
2. öll skip, sem að fiskveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgjörð snertir, og
 3. skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið úr þeim fluttur, ef þau aftur flytja burt farminn allan og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má eigi taka í landi bæjarins annars staðar en þar, er lögreglustjóri leyfir.

Eigi má kasta út seglfestu á höfninni nje flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1916, og skal endurskoða hana fyrir 1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 17. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

91
17. maí

Hafnarreglugjörð

fyrir Búðakauptún í Suðurmúlasýslu.

Stjórnarráð Íslands hefir 17. maí 1916 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Búðakauptún í Suðurmúlasýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjald.

Öll skip (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem leggjast á Fáskrúðsfjarðarhöfn, fyrir innan beina línu úr merkisteini, merktum B, sem er á takmörkum Búðahrepps norðan fjarðar, yfir fjörðinn í næsta gil innan við bæinn Sævarborg sunnan fjarðar, hvort sem þau kasta akkeri eða leggjast við bryggju, skulu greiða hafnargjald, sem hjer segir :

- a. Útlend veiðiskip, sildveiðaskip, hvalveiðaskip og öll innlend og útlend flutningsskip (þar með talin skip, er mestmegnis eða eingöngu flytja hverskonar sjáfarafía sem er milli landa), skulu gjalda 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í fyrsta sinn á ári hverju, er þau leggjast á höfnina, hvort sem

þau koma beint frá útlöndum eða frá einhverri annari höfn á Íslandi. Komi slíkt skip, oftast beint frá útlöndum á því sama ári, skal það í hvert skifti greiða hið sama gjald, en komi það oftast frá útlöndum á sama árinu, en komi þó fyrst á einhverja aðra höfn á Íslandi og þaðan til Fáskrúðsfjarðar, skal það í hvert sinn, að undanteknu fyrsta skiftinu, aðeins greiða 3 aura af hverri smálest sem hafnargjald í Fáskrúðsfirði.

- b. Öll strandferðaskip, er ganga í milli hafna á Íslandi, skulu, þá er þau í fyrsta skifti á árinu leggjast á Fáskrúðsfjarðarhöfn, gjalda í hafnargjald 5 aura af hverri smálest, en ekkert frekara, þó þau leggist þar oftast á sama ári.

Þau útlend skip, sem liggja á Fáskrúðsfjarðarhöfn yfir veturinn, skulu greiða 10 kr. fyrir það í hafnarsjóð.

II. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin greiðslu hafnargjalds á Fáskrúðsfirði eru öll herskip og skemtiskip, hværrar þjóðar sem eru, svo og mælingaskip og spítalaskip. Svo eru og undanþegin hafnargjaldi skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið borinn á land, ef þau flytja burt farminn og ekki annað.

III. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeigenda eða umráðamanna, og greiðist borgun eftir samkomulagi.

IV. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem ákveðin eru hjer á undan, skulu renna í hafnarsjóð Búðakauptúns og skal honum varið til þess að gjöra umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til ljóskera til leiðbeiningar við innsiglingar á fjörðinn og höfnina.

Hreppsnefnd Búðahrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd til þess að hafa umsjón með, að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimta gjöldin til hafnarsjóðs og stjórna honum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmdra eftir tillögu hafnarnefndar og ákveður, hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

V. *Hegningarákvæði o. fl.*

91 Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum og fer 17. maí um mál útaf þeim sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1916 og skal endurskoðast fyrir 1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 17. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

Hafnarreglugjörð

fyrir Siglufjarðarkauptún.

I. *Hafnargjöld.*

92 1. Öll skip (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru 27. maí til lestatala 8 smálestir eða þar yfir, skulu greiða hafnargjald af öllu farrúminu í hvert skifti, er þau leggjast við akkeri, bryggju eða aðrar festar á Siglufjarðarhöfn, fyrir innan línu dregna frá Selgili til Selvikur, eftir að þau hafa komið frá útlöndum, eða ef um skip ræðir, sem aðeins ganga hafna á milli á Íslandi, þá er þau fyrsta sinn á árinu leita hafnar á Siglufirði, þannig:

- a. Skip sem heimilisfang eiga á Siglufirði greiði 5 aura af hverri smálest.
- b. Önnur skip greiði 10 aura af hverri smálest.

Nú flytur skipið vörur eða farþega af landi eða á og skal þá ennfremur gjalda 5 aura af hverri smálest, hvort sem skipið á heimilisfang á Siglufirði eða annarsstaðar, innanlands eða utan. Sama gjald skulu og greiða þau skip, sem afhenda farm sinn eða taka farm sinn úr öðrum skipum á höfninni. Liggi slíkt skip á höfninni lengur en 14 daga samfleytt, tvöfaldast gjaldið.

2. Hafni skipið sig oftár enn einu sinni á árinu á Siglufjarðarhöfn og hafi ekki á þeim tíma komið til annara landa, greiðist hafnargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skifti, en síðan að helmingi. Lestargjald greiðist ekki nema einu